

## Fastvaxtareikningur - skilmálar

### Stofnun reiknings

Reikningurinn er stofnaður í [útibúi Íslandsbanka](#) eða í [netbanka Íslandsbanka](#). Um leið og reikningur er stofnaður er valinn ráðstöfunarreikningur sem tekur á móti innstæðu reikningsins í lok binditíma og vextir ráðstafast mánaðarlega inn á ráðstöfunarreikning.

Bæði einstaklingar og lögaðilar mega stofna Fastvaxtareikning. Lögráðamenn geta stofnað reikninginn fyrir hönd ólögráða.

### Innborgun

Lágmarksinnborgun við stofnun reiknings er 100.000 kr. Eingöngu er hægt að leggja inn á reikninginn einu sinni, þ.e. við stofnun reiknings.

### Binditími

Innstæða á Fastvaxtareikningi er ávallt bundin til ákveðins tíma. Hægt er að velja á milli 1, 3, 6 eða 12 mánaða binditíma sem gildir frá stofnun reiknings. Á binditíma er ekki hægt að taka út höfuðstól reikningsins en greiddir vextir að frádregnum fjármagnstekjuskatti eru ávallt greiddir inn á ráðstöfunarreikning. Á binditíma er ekki hægt að breyta eða segja upp reikningnum.

### Útborgun

Þegar binditíma lýkur er innstæða flutt á ráðstöfunarreikning sem reikningseigandi tilgreinir við stofnun reiknings og Fastvaxtareikningnum lokað. Ef reikningseigandi verður lögráða á binditíma, skal einungis heimilt að tilgreina ráðstöfunarreikning sem er í eigu hans sjálfs.

### Þóknanir

Bankinn innheimtir engin þjónustugjöld, innlausnargjöld eða þóknanir.

### Vaxtatímabil

Vextir reiknast frá innborgunardegi og að útborgunardegi og greiðast vextir út á 30 daga fresti frá stofndegi.

### Kjör

Fastvaxtareikningur er bundinn óverðtryggður innlánsreikningur með föstum vöxtum. Að öðru leyti eru kjör á reikningum til nýstofnunar háð ákvörðun bankans hverju sinni. Sjá nánar í [vaxtatöflu Íslandsbanka](#). Þegar innstæða færast á ráðstöfunarreikning við lok binditíma reiknast þeir vextir sem þeim reikningi fylgja á hverjum tíma.

### Annað

Um stofnun Fastvaxtareiknings og meðferð gilda m.a. auk framanritaðs lög og reglur um aðgerðir gegn peningapvætti, lögræðislög og önnur ákvæði laga um meðferð fjármuna lögaðila eins og við á hverju sinni.